

Mánudaginn 27. aprilmánaðar.

Nr. 5/1903:

Réttvísni

gegn

Jónasi Jónssyni, Björgu Davíðsdóttur, Jóni Einari Jónassyni, Davíð Ólafssyni, Herðísi Benedíktsdóttur og Þorsteini Júlíusi Þorsteinssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Norður-Múlasýslu, uppkveðnum 24. sept. f. á. voru hin ákærðu dæmd fyrir sauðabjófnað og töku á kindum annara eða hlutdeild í þessum glæpum, þannig:

Jónas Jónsson var dæmdur samkv. 250. gr., 255. gr. og 231. gr. 1. másl., sbr. 55. gr. og 240. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 12 mánaða betrunarhúsvinnu.

Björg Davíðsdóttir var dæmd samkv. 240. gr. og 250. gr., sbr. 48. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr. og 63. gr. þeirra í fangelsi við vatn og brauð í 8 daga.

Jón Einar Jónasson, fæddur 27. apríl 1883, var dæmdur samkv. 231. gr. 1. másl. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr. 2. másl. og 63. gr. og að sumu leyti 38 gr. þeirra í 8 mánaða betrunarhúsvinnu.

Davíð Ólafsson var dæmdur samkv. 250. gr., 255. gr. og 231. gr. 1. másl., sbr. 55. gr. hegn-

ingarlaganna, með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 12 mánaða betrunarhúsvinnu.

Herdís Benediktsdóttir var dæmd samkvæmt 240. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 57. gr., 58. gr. og 63. gr. þeirra í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Þorsteinn Júlíus Þorsteinsson var dæmdur samkv. 231 gr. 1. másl., 250. gr. sbr. að sumu leyti við 55. gr., og 250. gr. hegningarlaganna með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. þeirra í 15 mánaða betrunarhúsvinnu.

Ákærðu Jónas, Jón Einar og Þorsteinn Júlíus skyldu in solidum greiða iðgjöld til Karls Nielsen í Leiðarhöfn 15 kr. og til Jóns Jónssonar í Ytri-Vogum 15 kr., og ákærðu Davíð og Þorsteinn Júlíus, greiða iðgjöld in solidum til Einars Eiríkssonar á Djúpálæk 10 kr.

Ákærðu Jónas, Björg og Jón Einar skyldu greiða in solidum málsfærslulaun til svaramanns þeirra í héraði, séra Sigurður P. Sivertsen á Hofi, 9 kr., og ákærðu Davíð, Herdís og Þorsteinn Júlíus sömuleiðis in solidum 9 kr. í málsvarnaun til talsmanns þeirra, Jóns héraðslæknis Jónssonar á Vopnafirði. Af öllum öðrum kostnaði málsins skyldu hinir ákærðu Jónas, Davíð, Þorsteinn Júlíus og Jón Einar greiða in solidum $\frac{7}{8}$, en $\frac{1}{8}$, sömuleiðis in solidum, ákærðu Björg og Herdís.

Dómi þessum hafa hin ákærðu, Jónas, Björg og Jón Einar óskað áfrýjað til yfirdómsins, en hlutadeigandi amtmaður hefir fyrir hönd réttvis-

innar skotið málinu í heild sinni til yfirdómsins og að því öll hin ákærðu snertir.

Það er sannað með eigin játningu hinna ákærðu, sem kœur heim við skýrslur málsins að öðru leyti, að þau hafa hvert um sig gjört sig sek í glæpum þeim, er nú skal greina:

Hinn ákærði Jónas Jónsson, sem um nokkur undanfarin ár hefir búið á afréttarbylínu Hamri í Vopnafirði, tók haustið 1897 í samráði við stjúpson sinn, meðákærða Davíð, sem þá var hjá honum, veturgamla hvíta kind, er Davíð hafði fundið í eftirleit, er hann hafði farið í einsamall og ótilkvaddur, og komið með heim. Slátruðu þeir kindinni, sem þeir vissu eigi hver átti og hagnýtti Jónas sér afurðir hennar.

Sama haustið, eftir að göngur voru úti, sló ákærði, í samráði við Davíð, eign sinni á hvítt gimbrarlamb, með marki séra Arnljóts Ólafssonar á Sauðanesi, er komið var saman við fé ákærða, og slátradi ákærði lambinu síðar í sínar þarfir. Lambið hefir verið talið 4 kr. virði, en iðgjalda hefir eigi verið krafist fyrir það.

Sumarið 1899 stal ákærði, í félagi við meðákærða Jón Einar, son sinn, og Þorstein Júlíus, stjúpson sinn, 4 kindum veturgömlum, sem þeir vissu ekki hver átti. Sóttu þeir Jón og Júlíus kindurnar, 2 og 2 í einu, og slátruðu þeir þeim síðan allir í sameiningu, og ákærði tók til sín afurðirnar.

Haustið 1900 hagnýtti ákærði sér að ófrjálsum svarta meinakind veturgamla, er fanst þar í hög-

unum við Hamar og er eigi upplýst hver þá kind átti.

Seint á sumri 1901 stal ákærði í félagi við meðákærðu Jón Einar og Júlíus gráum sauð tvævetrum, eign Karls Nielsen í Leidarhöfn, 15 kr. virði, og hvítum hrút veturgömlum, 15 kr. virði, eign Jóns Jónssonar í Ytri-Vogum, og hefir iðgjalda verið krafist fyrir kindur þessar. Kindurnar handsömuðu þeir Jón Einar og Júlíus eftir samráði við ákærðu, og slátruðu ákærðu þeir þeim síðan í sameiningu, en ákærði Jónas tók afurðirnar.

Þá um veturinn slátraði og ákærði hvítu gimbrarlambi, sem komið hafði saman við fé hans um haustið og meðákærði Júlíus þá markað að ófrjálsu undir mark ákærða.

Hin ákærða Björg Davíðsdóttir, kona ákærða Jónasar, vissi að ýmsar af kindum þeim, er maður hennar slátraði, voru honum ófrjálsar, og svo var um veturgömlu kindina 1897 og þær 5 kindur, er slátrað var 1899 og 1900, svo og um gráa sauðinn og hvíta hrútinn 1901, en hún matreiddi þó kindur þessar og hagtærði í búinu, enda hrærði og í blóði hvíta hrútsins og annarar kindar, er lógað var 1899 eða 1900.

Hinn ákærði Jón Einar Jónasson, sonur ákærðu Jónasar og Bjargar, fæddur 27. apríl 1883, var í samfélagi við föður sinn og meðákærða Júlíus um stuldinn á 2 veturgömlum kindum 1899, og sömuleiðis var hann í verki með þeim og samráði, eins og fyr er frá skýrt, um stuld á gráum

sauð og hvítum hrút 1901. Aftur á móti hefir hann ekki viljað kannast við að hafa átt nokkurn þátt í töku 2 af þeim 4 veturgömlu kindum, er stolið var á Hamri 1899, og verður hann því eigi sakfeldur fyrir það.

Hinn ákærði Davíð Ólafsson var í verki með meðákærða Jónasi stjúpföður sínum 1897 um töku á veturgömlu kindinni, er fyr er getið, og upp-mörkun á lambi séra Arnljóts Ólafssonar. Árið 1899 flutti ákærði á afréttarbylíð Mælifell, sem er nokkru framar á heiðinni en Hamar, og bjó hann þar 2 ár. Fyrra sumarið sem ákærði bjó þar, tók hann að ófrjálsu, ásamt meðákærða Júlíusi hálfbróður sínum, er þá var vinnumaður hans, 4 hvítar kindur veturgamlar, er komnar voru saman við kvíafé hans, og slátraði þeim og hagnýtti sér. Tóku þeir kindurnar smátt og smátt, eftir því sem matbjargar þurfti til heimilisins, 1 kind eða 2 í einu, og slátruðu þeim. Júlíus heldur því fram, að kindurnar muni hafa verið 5, sem þeir hafi tekið, 1 og 1 í einu, en Davíð hefir eigi viljað kannast við það.

Næsta sumar, 1900, tóku þeir bræður með sama hætti að ófrjálsu 2 geldkindur, 1 og 1 í einu, sem voru saman við ær ákærða, og hagnýtti ákærði sér þær. Um höfuðdagsleytið sama sumar fór Júlíus eftir samráði við ákærða og rak heim 4 ókunnugar geldkindur, sem hann fann norður með Mælifellinu, og slátruðu þeir bræður 3 af þeim og hagnýttu en sleptu einni. Milli 2. og 3. gangna þá um haustið rákust heim að Mælifelli með lömb-

um, er Júlíus var að sækja á afréttinn, 3 geldkindur ókunnugar, og kom þeim bræðrum saman um að kasta eign sinni á þær og slátra þeim og gjörðu þeir það. Um sama leyti mörkuðu þeir að ófrjálsum undir mark ákærða, til að helga honum þau, 4 lömb, sem voru komin saman við fé ákærða eða fundust í eftirleit. Ekkert er upplýst um eigendur að kindum þeim, er þeir bræður tóku þannig.

Sama haustið tóku bræðurnir sauð, sem slapp úr rekstri og var kominn heim að Mælifelli og slátruðu honum. Átti sauð þenna Einar Eiríksson í Djúpalæk og hefir hann verið talinn 10 kr. virði, sem eigandi hefir krafist endurgjalds á.

Hin ákærða Herdís Benediktsdóttir, kona ákærða Davíðs, vissi að kindurnar 4, sem þeir bræður tóku 1899, voru þeim ófrjálssar, og vissi einnig, að sama var um kindur þær, er slátrað var árið eftir; þó matreiddi hún og hagnýtti sér afurðirnar af öllum þessum kindum. Henni var þessi kindataka móti skapi og vítti hún stundum mann sinn og Júlíus fyrir hana.

Hinn ákærði Þorsteinn Júlíus Þorsteinsson var með hinum ákærðu Jónasi og Jóni Einari um stuld á 4 kindum sumarið 1899, þeim er fyr er getið. Sömmuleiðis var hann í verki með ákærða Davíð við töku 5 kinda í kvíafénu á Mælifelli, eins og fyr er á minst. Þá var hann og með sama manni um töku á 2 geldkindum vorið og sumarið 1900 úr kvíánum á Mælifelli, um stuld á 3 geldkindum um höfuðdagsleytið sama sumar og

um töku á 3 geldkindum milli 2. og 3. gangna. Um sama leyti var hann og með ákærða Davíð að marka fjögur lömb að ófrjálsu undir mark hans, en lömbin voru komin saman við fé Davíðs eða fundust í eftirleit. Sama haustið slátraði hann einnig að ófrjálsu í félagi við Davíð sauð þeim frá Djúpalæk, er fyr er getið. Haustið 1901 stal hann með ákærðu Jónasi og Jóni Einari gráum sauð og hvítum hrút, eins og fyr er sagt, og markaði hvítt gimbrarlamb, sem komið var saman við Hamarsféð, undir mark ákærða Jónasar.

Öll hin ákærðu eru komin yfir lögaldur saka-manna, og hefir þeim eigi áður verið refsað eða þau verið ákærð fyrir neinn glæp.

Afbrot Jónasar Jónssonar heyrir undir 249., 250. og 231. gr. 1. másl. sbr. 55. gr. hegningarlagna, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Bjargar Davíðsdóttur er réttilega heimfært undir 240. gr. og 250. gr., sbr. 48. gr. hegningarlagna, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin með hliðsjón til 63. gr. sömu laga fengelsi við vatn og brauð í 8 daga.

Afbrot Jóns Einars Jónassonar er réttilega heimfært undir 231. gr. 1. másl. hegningarlagna, sbr. 55. gr., og er refsing hans með hliðsjón til 57. og 63. og 3c. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Davíðs Ólafssonar heyra undir 249., 250. og 231. gr. 1. másl. sbr. 55. gr. hegningar-

laganna, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Afbrot Herdisar Benediktsdóttur heyrir undir 240. gr. hegningarlaganna og er refsingin fyrir það hæfilega ákveðin með hliðsjón til 57., 58. og 63. gr. sömu laga 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot Þorsteins Júlíusar Þorsteinssonar heyrir undir 249., 250. og 231. gr. 1. másl., sbr. við 55. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhúsvinna.

Ákvæði undirdómsins um iðgjöld og málskostnað í héraði samþykkjast og ber því að staðfesta aukaréttardóminn með fyrgreindri breytingu á refsingu ákærðu Jónasar og Davíðs.

Svo ber hinum ákærðu öllum in solidum að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærðu Jónasar Jónssonar og Davíðs Ólafssonar sé 15 mánaða betrunarhúsvinna fyrir hvorn þeirra. Hin-

um ákærðu ber og öllum in solidum að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maímánaðar.

Nr. 35/1902: Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps
 gegn
 Kaupfélagi Þingeyinga.

D ó m u r:

Mál þetta hefir hreppsnefnd Húsavíkurhrepps höfðað í héraði gegn kaupfélagi Þingeyinga til innheimtu á aukauðsvörum félagsins til hreppsins fyrir árin 1895 til 1900, að svo miklu leyti sem félagið hafði eigi greitt útsvör þessi, og voru útsvara-eftirstöðvarnar, er hreppsnefndin krafði félagið um í málinu, samtals að upphæð 933 kr. Hreppsnefndin fekk gjafsókn til málssóknarinnar í héraði, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjar-sýslu 23. okt. 1901 á þá leið, að kaupfélagið var sýknað af kærnum og kröfum hreppsnefndarinnar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir hreppsnefndin að fengnu